



784. fundur

Árið 2022, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 14. desember, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð hans.

Friðjón Einarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- 1. Minnisblað til ráðherra og bæjarstjórna á Suðurnesjum, dags. 29.11.2022.
Erindi: Fjárhagsaðstoð við að stofna og reka FAB Lab stafræna smíðju á Suðurnesjum.*
Stjórn S.S.S. samþykkir að taka þátt í verkefninu að því gefnu að fjármögnun þess frá öðrum þátttökuaðilum sé tryggð og langtímasamningur liggi fyrir. Lagt er til að verkefni verði hluti af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja 2023-2024.
- 2. Ráðstefna Jarðvanga 2024, tilboð frá Markaðsstofu Reykjaness og Reykjanes UNESCO Geopark.*
Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes UNESCO Geopark sendu inn tilboð í 17. ráðstefnu Evrópska jarðvanga sem halda á árið 2024.

Stjórn S.S.S. fagnar framtakinu og þakkar fyrir vel unnið tilboð sem hefði ekki orðið að veruleika nema búið hefði verið að vinna undirbúningsvinnu í gegnum áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja.
- 3. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðs um byggðamál nr. 85, dags. 07.11.2022.*
Lagt fram.
- 4. Fundargerðir stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.*
 - a. Fundargerð nr. 44, dags. 15.09.2022.*
 - b. Fundargerð nr. 45, dags. 17.11.2022.*Lagt fram.

5. *Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026.*
Lagt fram. Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum er hvatt til þess að kynna sér stefnumörkunina vel.
6. *Umsagnir frá nefndarsviði Alþingis.*
 - a. *Þingsályktunartillaga um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða, 397.mál.*
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0216.pdf>
 - b. *Þingsályktunartillaga um millilandaflug um Hornarfjarðarflugvöll, 36.mál.* <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0036.pdf>Lagt fram.
7. *Tölvupóstur frá Fannari Jónassyni f.h. Grindvíkurbæjar, dags. 16.11.2022 vegna tilnefningar í vatnasvæðanefndir.*
Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra málið áfram til næsta fundar.
8. *Drög að samningi vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni.*
 - a. *Reikniregla.*
 - b. *Skipting fjármagns.*Gert er ráð fyrir því að samningurinn til S.S.S. lækki um kr.1.016.165,- frá fyrra ári, stjórn S.S.S. harmar það og felur framkvæmdastjóra að upplýsa þingmenn kjördæmisins þróun málsins.

Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að undirrita samninginn fyrir hönd S.S.S.
9. *Starfsáætlun SSS/Heklunnar/MR/RGP 2023.*
Stafsáætlun SSS/Heklunnar/MR/RGP lögð fram til kynningar.
Framkvæmdastjóra falið að senda áætlunina til sveitarfélaganna á Suðurnesjum til upplýsinga.
10. *Önnur mál.*
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50.

Friðjón Einarsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Sverrir Auðunsson

Berglind Kristinsdóttir